

SAMÞYKKT

um afgreiðslur byggingarfulltrúans í Snæfellsbæ skv. 40. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, um heimild til að veita leyfi fyrir minniháttar framkvæmdum.

1. gr.

Byggingarfulltrúinn í Snæfellsbæ afgreiðir, án staðfestingar skipulags- og byggingarnefndar, mál skv. 2. gr. samþykktar þessarar, er falla undir skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum nema þegar um er að ræða umsóknir um nýbyggingar, þ.m.t. viðbyggingar og fjölgun eignarhluta í íbúðarhúsum, gerð skipulagsáætlana og byggingarskilmála, úthlutun lóða, nafngiftir gatna og ákvarðanir um beitingu ákvæða skv. VI. kafla laganna.

2. gr.

Byggingarfulltrúa er heimilt að afgreiða:

1. Umsóknir vegna minniháttar mannvirkja, minniháttar breytinga á innra skipulagi og útliti húsa og eignaskipta.
2. Umsóknir vega minniháttar breytinga sem verða á mannvirki í framkvæmd.
3. Umsóknir vegna breytinga á hæðarlegu lóða, uppsetningar girðinga, gróðurs og frágangs lóða, staðsetningar gáma á atvinnulóðum, minniháttar skilta á mannvirkjum og lóðum og númerabreytinga húsa og lóða.
4. Yfirfærslu á staðbundnum réttindum iðnmeistara, sbr. gr. 37.2 í byggingarreglugerð nr. 441/1998.
5. Skipulags- og byggingarnefnd getur falið byggingarfulltrúa fullnaðarafgreiðslu teikninga sem liggja fyrir nefndinni en uppfylla ekki ákvæði byggingarreglugerðar um minniháttar atriði eftir lagfæringu.

3. gr.

Byggingarfulltrúa er heimilt að gefa út byggingarleyfi vegna umsókna skv. 1.2.3. og 5. tl. 2. gr. að uppfylltum ákvæðum laganna og þeirra reglugerða, sem settar eru á grundvelli þeirra, úthlutunarskilmálum og öðrum samþykktum Snæfellsbæjar um byggingarmál. Telji byggingarfulltrúi vafa leika á því að uppfyllt séu ákvæði laga, reglugerða og samþykta, skal hann hlutast til um að umsókn verði lögð fyrir skipulags- og byggingarnefnd til úrlausnar.

4. gr.

Framangreindar afgreiðslur byggingarfulltrúa skulu lagðar fram til kynningar á næsta fundi skipulags- og byggingarnefndar og bókaðar í gerðabók nefndarinnar en ekki teknar þar til annarrar afgreiðslu. Þær skulu síðan hljóta afgreiðslu bæjarstjórnar með sama hætti og samþykktir skipulags- og byggingarnefndar. Synji byggingarfulltrúi erindi skal hann leggja málið fyrir skipulags- og byggingarnefnd á sama hátt.

5. gr.

Ákvörðunum byggingarfulltrúa samkvæmt samþykkt þessari má skjóta til skipulags- og byggingarnefndar innan 14 daga frá því að aðila varð kunnugt um afgreiðslu byggingarfulltrúa, enda hafi málið ekki þegar verið lagt fram í nefndinni. Um meðferð slíkra mála fer að öðru leyti skv. skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 með síðari breytingum.

6. gr.

Ofangreind samþykkt bæjarstjórnar Snæfellsbæjar staðfestist hér með skv. 4. mgr. 40. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og öðlast gildi þegar í stað við birtingu.

Umhverfisráðuneytinu, 3. júní 2004.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigríður Stefánsdóttir.